

Hvaða áhrif hefur  
internetið á  
íslenskuskilning  
grunnskóla-  
nema?

Aníta Lind Hlynsdóttir, Ragnheiður  
Sigurðardóttir og Salka Sól  
Örvarsdóttir

# Hvaða áhrif hefur internetið á íslenskuskilning grunnskólanema?

Síðustu ár hefur tæknin verið mun stærri en fyrr. Bráðum munum við geta talað við öll heimilistækin okkar og keyrt fljúgandi bíla. Nú ræður internetið ríkjum. En mun íslenskan laskast vegna enska menningarheimsins á netinu?

Nú á dögum talar stór hluti heimsins ensku og er hún eitt mest talaða tungumál á netinu í dag. Stór hópur netnotenda eru unglingar og börn. Eitt stærsta áhyggjuefni málfræðinga og íslenskufraeðinga er hvort að íslenskan eigi eftir að tapa fyrir enskunni. Þannig fórum við á fullt að hugsa, miðað við hve margir grunnskólanemar eru mikið í snjallsímunum sínum, hvaða áhrif internetið hefur á íslenskuskilning þeirra.

# Innihald verkefnisins

- Upplýsingar úr bókum og frá netinu
- Munnlegar heimildir
- Skoðanakönnun hjá 1.-7. bekk
- Niðurstöður



# Snjalltækjavæðingin og íslenskan

- Snjalltækja- og tölvuþróun síðustu ára er að mestu leiti jákvæð. Við getum fundið aragrúa af upplýsingum á netinu auk þess að hafa samskipti við umheiminn. Margir telja hins vegar að íslenskri tungu stafi hætta af þessari miklu snjalltækjaþróun.
- Þar sem að erfitt er að finna mikið af íslensku efni á netinu fyrir t.d. afþreyingu nota flestir Íslendingar ensku á vefnum. Á síðustu árum hefur enskan náð að teygja sig úr netheiminum og smokrað sér inn í daglegt tal margra Íslendinga og þá sérstaklega hjá yngri kynslóðinni. Aukin snjalltækjanotkun getur einnig hindrað samskipti barna og fullorðinna og því tafið eða skaðað málþroska.

# Máltækni og íslenska meðal hennar

- Íslenskan er lítið tungumál og erum við heppin að hafa hana í þýðingarforritum eins og *Google Translate* því ekki eru mörg tungumál sem töluð eru á svo litlu málsvæði í því. Margir ýta því fram að Íslendingar þurfi að leggja meira fé í máltækni.
- Nú fer að koma að þeirri tækni að allt verður raddstýrt s.s. bílar, símar og ísskápar. Við neyðumst því til að tala ensku við tækin þar sem að ólíklegt verður að íslensk máltækni verði nokkurn tímann svo stór.
- 95% tungumála í heiminum eiga í hættu á stafrænum dauða, þar á meðal íslenska.



# Íslenska í gamla daga og í framtíðinni

- Íslenskan hefur ekki breyst mikið frá því á landnámsöld. Við getum ennþá lesið og skilið texta frá Íslendingasögnum. Sumir þykjast halda að „allt þetta tal“ um vandað- og óvandað mál sé aðeins til þess að varðveita eitthvað fornt og úrelt mál.
- Síðustu áratugi hefur þó verið mikil breyting í íslensku máli og má kenna netinu um það.
- Árið 1813 spáði Rasmus Kristján Rask að varla myndi nokkur skilja íslenskuna í Reykjavík eftir hundrað ár (1913), og íslenskan myndi fjara út eftir tvö hundruð ár (2013). Hann hafði áhyggjur af því að danskan myndi taka yfir.

# Lítið um máltöku barna



- Erfitt er að kanna virka málfræði barnsins fyrr en það getur sett saman tvö orð og myndað setningar. Það gerist yfirleitt um 18 mánaða aldur. Dreifingargreining leiðir í ljós að yrðingar barns eru ekki tilviljanakenndar.
- Barnið notast við flokk orða sem kallast „öxulorð“ eða „aðgerðarorð“. T.d. í yrðingunni „meira köku“ er *meira* öxulorðið. Öxulorð er flokkur orða sem önnur orð geta tengt við, og fáein öxulorð bætast við orðaforða barnsins í hverjum mánuði. Barnið skapar sínar eigin reglur og orðflokka. Aðalmáltökuskeið barna er fyrstu sex árin þeirra.
- Þegar barn fer að eldast þá nær það smám saman tökum á tungumálinu sem notað er í umhverfi þess. Ef við tölum mikla ensku á heimilum okkar, þá skilja börnin meiri ensku en íslensku. Börn á Íslandi í dag tala meiri ensku en áður.

# Hlutverk fjölmiðla

- Nánast á hverjum degi má heyra margt í málfari sem betur mætti fara t.d. í fjölmiðlum. Margir halda því fram að fjölmiðlar kenni þjóðinni vonda íslensku og fólk kvartar oft í þá yfir slæmri beygingu, vonda setningagerð og framburð. Málfar í fjölmiðlum getur einnig verið mismunandi eftir dagskrárefni s.s. fræðipáttum gegn afþreyingarefni. Börn hafa aðgang að því á netinu.
- Mál í talmiðlum er annað fyrirbæri en talmál og ritmál. Eðlilegt er að töluverður munur getur verið á rituðu máli eða formlega töluðu máli annars vegar. Málfar í talmiðlum verður sem sé að vera annað en dæmigert ritmál. Talmiðlamál er stór hluti af málheimi nútímamanna og fer ört stækkandi.





# Slangur og slettur



Börn, unglingar, foreldrar og aldrað fólk er flest allt að nota tæki eins og tölvur, snjallsíma og spjaldtölvur og allir fara á netið. Aukin notkun á þessum tækjum getur leitt til notkunar á slangri og slettum. Sumir eru meira að segja byrjaðir að tala saman á ensku. Slangrið er mismunandi eftir aldurshópum.

Unglingar og börn segja frekar: *ó mæ god, dúd, vá, leim* og blótsyrði á ensku eins og t.d. *sjitt, fokk* og *demmit*.

Ekki má gleyma skammstöfunum sem ráða ríkjum á netinu. Dæmi um vinsælar skammstafanir eru *LOL (Laughing out loud)*, *WTF (What the f\*\*\*)*, *IDK (I don't know)*, *OMG (Oh my god)* og *LMAO (Laughing my ass off)*.


# Íslenskuskilningur grunnskólanema

Það er alveg víst að enska er töluð mikið innan veggja grunnskóla á Íslandi og hafa erlendir miðlar og erlent efni á netinu svo sannarlega eitthvað með það að gera.

Enn er þó lögð mikil áhersla á íslenskukennslu í grunnskólum. Árið 2000 var flýtt fyrir enskukennslu og læra nú grunnskólabörn fyrst ensku og nokkrum árum síðar læra þau dönskuna. Flest börn eru enn að taka inn málið okkar en það á ekki við alla. Íslensk grunnskólabörn eru mörg með góðan íslenskugrunn, en eins og Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, benti á þá hafa þau við háskólann áhyggjur af því að á yngri skólaárum sé endalaust staggil, t.d. að það sé verið að segja okkur aftur og aftur að segja *mig langar* en ekki *mér langar*. Íslenskan er svo mikið meira en það.

# Skoðanakönnun

- Við lögðum fyrir örstutta könnun meðal 1.-7. bekkinga um hvort þeir noti frekar ensku eða íslensku á netinu.
- Meðaltal þeirra sem nota frekar ensku á netinu er 66,7%



# Niðurstöður

- Eftir rannsókn okkar þá teljum við að við séum komnar með svör við hvaða áhrif internetið hefur á grunnskólabörn hér á landi.
- Áhrif internetsins getur verið minnkandi talgeta- og skilningur á íslensku, sem getur á endanum leitt til þess að íslenskan fjarri út.
- Ef við grípum ekki til aðgerða, leggjum meira fé í íslenska máltækni og vöndum mál okkar á netinu geta afleiðingar verið slæmar fyrir íslenska tungu.
- Möguleiki er á að börnin dragist aftur úr í skóla vegna erfiðleika við nám.
- Netið getur þó bætt enskuskilning barnanna og getur það komið þeim til gagns.

A ð S H R Ö n

# Hvað er hægt að gera?

Sem betur fer gerir stór hluti þjóðarinnar sér grein fyrir því hve íslenskan er dýrmæt og vill halda í íslenskuna. Við erum á því krítíska tímabili sem við eigum stóran hlut í því hvað verður um málið í framtíðinni og þar af leiðandi íslenskuskilningi barnanna.

- Til þess að bjarga íslenskunni þarf að leggja meira fé í máltækni á íslensku, s.s. í kennslu- og þýðingarforrit.
- Það skal venja börn á að nota viðhorf tölvu á íslensku. Þau sem venjast enskunni eru líkleg til þess að vilja ekki skipta yfir í íslensku.
- Tala skal við börnin. Þau eru á aðalmáltökuskeiðinu fyrir 6 ára aldur og því er mikilvægt að það sé ekki bara sjónvarpsgláp fram að því.

# Hvað er hægt að gera?

Þegar börn ná kynþroska aldri lokast á einhvers konar hlið í máltökuhluta heilans og því verða börn að hafa fyrir því að læra tungumál eftir kynþroska.

- Hvetja skal börn til að lesa íslenskar bókmenntir og æfa þau í að skrifa hnitmiðaða og fallega texta. Mikilvægt er að viðhorfið gegn tungumálinu sé jákvætt. Ef að börn og unglingar líta á það sem gamaldags, hallærislegt, hamlandi, geri ekkert fyrir þau og loki jafnvel dyrum, er íslenskan í hættu stödd.
- Samkvæmt könnun sem var gerð í Háskólanum á Akureyri fyrir tveimur árum, vildi helmingur krakka sem voru í 10. bekk, búa í útlöndum. Unglingar sjá ekki neina framtíð hér á landi því allur heimurinn gæti verið hugsanlegt heimili þeirra í framtíðinni. Þá mun íslenskan gagnast þeim lítið og loka þau því fyrir íslenska tungu.

# Heimildir

Ari Páll Kristinsson. [1998]. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun HÍ, Reykjavík.

Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. [2007]. *Mál Málanna*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

[Án höfundar]. [Án árs]. [Án titils]. Sótt 26. maí af [http://skemman.is/stream/get/1946/5125/15393/1/BA\\_Vigdis\\_Gar\\$00e5sen1.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/5125/15393/1/BA_Vigdis_Gar$00e5sen1.pdf)

Bragi Valdimar Skúlason. *Íslenska*. Viðtal. 22. maí 2017.

Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir. [2014]. *Orðbragð*. Forlagið, Reykjavík.

Davíð A. Stefánsson, Sigrún Valdimarsdóttir og Ýr Þórðardóttir. [2015]. *Logar*. Menntamálastofnun, Kópavogi.

Eiríkur Rögnvaldsson. *Íslenska*. Viðtal. 22. maí 2017.

Jóhannes B. Sigtryggsson. [2012]. *Handbók um íslensku*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Sigríður Sigurjónsdóttir. *Íslenska*. Viðtal. 22. maí 2017.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016) *Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna*. Sótt 26. maí 2017 af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/>

# Heimildir

Sóley Rut Þrastardóttir. (2015). *Erlend áhrif á íslenska tungu*. Sótt 26. maí 2017 af [\[http://skemman.is/stream/get/1946/21831/49108/1/Erlend\\_%C3%A1hrif\\_%C3%A1\\_%C3%ADslenska\\_tungu.pdf\]](http://skemman.is/stream/get/1946/21831/49108/1/Erlend_%C3%A1hrif_%C3%A1_%C3%ADslenska_tungu.pdf)

Úlfar Erlingsson um nauðsyn á þróun máltækni. (2015). Sigríður Hagalín Björnsdóttir (Umsjón). Reykjavík. RÚV. Sótt 26. maí 2017 af [\[https://www.youtube.com/watch?v=Oqi5N4myZFs\]](https://www.youtube.com/watch?v=Oqi5N4myZFs)

Örvar Guðni Arnarsson. ([orvar.gudni@gmail.com](mailto:orvar.gudni@gmail.com)) 19. maí 2017. *Íslenskan*. Tölvupóstur til Sölku Sól Örvarsdóttir ([salka.orvarsdottir@gmail.com](mailto:salka.orvarsdottir@gmail.com)).

Mynd 1. Íslenski fáninn. Sótt 26. maí 2017 af [https://www.google.is/search?q=%C3%ADslenski+f%C3%A1ninn&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwjJm1u4jUAhXFK1AKHatiAtIQ\\_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=JRpPgVfNwX79KM](https://www.google.is/search?q=%C3%ADslenski+f%C3%A1ninn&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwjJm1u4jUAhXFK1AKHatiAtIQ_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=JRpPgVfNwX79KM):

Mynd 2. Heimurinn. Sótt 26. maí 2017 af <https://translate.google.com/about/images/hero-contribute.png>

Mynd 3. Röltandi grunnskólabörn. Sótt 26. maí 2017 af [https://www.google.is/search?q=grunnsk%C3%B3lab%C3%B6rn&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwjEvoS8sY3UAhWPfFAKHeKwCCEQ\\_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=P2g8PErLO5k6M](https://www.google.is/search?q=grunnsk%C3%B3lab%C3%B6rn&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwjEvoS8sY3UAhWPfFAKHeKwCCEQ_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=P2g8PErLO5k6M):

Mynd 4. RÚV. Sótt 26. maí 2017 af [https://www.google.is/search?q=fj%C3%B6lmi%C3%B0lar&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwiM3tbFso3UAhXMbVAKHVf2BFwQ\\_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=9-A38rJ3tYjG7M](https://www.google.is/search?q=fj%C3%B6lmi%C3%B0lar&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwiM3tbFso3UAhXMbVAKHVf2BFwQ_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=9-A38rJ3tYjG7M):



# Heimildir

Mynd 5. Talblöðrur. Sótt 26. maí 2017 af

[https://www.google.is/search?q=internet+talk+bubbles&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwiaiaKms43UAhVEbFAKHVtfARcQ\\_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=tqFgtpdQVCgUbM:](https://www.google.is/search?q=internet+talk+bubbles&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwiaiaKms43UAhVEbFAKHVtfARcQ_AUICigB&biw=1680&bih=944#imgrc=tqFgtpdQVCgUbM:)